



Reykjavík, 18. nóvember 2019

SFS2019100001

175. fundur

HG/gh

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík

Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík voru afhent á *Degi íslenskrar tungu* 16. nóvember 2019. Er þetta í þrettánda sinn sem verðlaunin eru afhent en þau eru á vegum skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar í samstarfi við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO. Íslenskuverðlauninum er ætlað að auka áhuga grunnskólanema í Reykjavík á íslenskri tungu og hvetja þá til framfara í tjáningu á töluðu og rituðu máli.

Að þessu sinni fengu 70 nemendur verðlaun og hafa þeir aldrei verið fleiri. Samtals hafa um 800 nemendur eða nemendahópar verið tilnefndir til verðlaunanna frá upphafi. Allir grunnskólar í borginni geta tilnefnt nemendur eða nemendahópa, einn á hverju skólastigi. Meðal verðlaunahafa voru ungir lestrarhestar, framúrskarandi upplesarar, tvítyngdir nemendur sem náð hafa góðum tókum á íslensku á skömmum tíma, ljóðskáld og sagnahöfundar.

Verndari verðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands 1980-1996 og hefur hún verið viðstödd í öll skiptin nema eitt og afhent börnunum verðlaunin. Verðlaunin að þessu sinni voru viðurkenningarskjal og bókin *Ljóðaúrval* með ljóðum Jónasar Hallgrímssonar í samantekt Böðvars Guðmundssonar. Verðlaunahafar fengu einnig að gjöf bókamerki frá Reykjavík bókmenntaborg UNESCO.

Verðlaunathöfnin var haldin í Norðurljósum í Hörpu þar sem u.þ.b. 500 boðsgestir mættu, verðlaunahafar, fjölskyldur þeirra, skólastjórar, kennarar o.fl. Soffía Vagnsdóttir skrifstofustjóri á fagskrifstofu SFS bauð gesti velkomna og var kynnir í athöfninni. Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs, flutti setningarræðu og afhenti verðlaunin ásamt Mörtu Guðjónsdóttur formanni nefndar um Íslenskuverðlaunin og Diljá Ámundadóttur Zoëga fulltrúa í skóla- og frístundaráði. Við afhendinguna fluttu nemendur í Sæmundarskóla lagið Viltu vera með? úr Skrekksatriði skólans 2019. Lagið er eftir Charles Harmon og Shaffer Smith. Textann gerðu þær Erna Lóa Guðmundsdótti, Katrín Erlinda Þórðardóttir og Sædís Sól Róbertsdóttir sem sungu lagið. Gítarleik annaðist Róbert Aron Vidó Proppé og Jason Helgi Hallgrímsson lék á trommur. Þá lék skólahljómsveit Austurbæjar undir stjórn Eiríks Rafns Stefánssonar lögin

Þannig týnist tíminn eftir Bjartmar Guðlaugsson í útsetningu Össurar Geirssonar og Maó fríkar út eftir Grýlurnar í útsetningu Eiríks Rafns Stefánssonar.

Nefnd um verðlaunin er skipuð Mörtu Guðjónsdóttur fulltrúa í skóla- og frístundaráði sem er formaður, Kristínu Jóhannesdóttur fyrir hönd skólastjóra, Láru Guðrúnu Agnarsdóttur fyrir hönd kennara, Nönnu K. Christiansen fyrir hönd grunnskólahluta fagskrifstofu og Kristínu Viðarsdóttur fyrri hönd Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO. Starfsmenn skóla- og frístundasviðs sem sáu um undirbúning og framkvæmd eru Anna Garðarsdóttir, Guðrún Hjartardóttir og Sigfríður Björnsdóttir.